



HOLLVINIR GRENSÁSDEILDAR

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR STARFSÁRIÐ 2012

Hjálögð er skýrsla stjórnar samtakanna Hollvinir Grensásdeildar fyrir starfsárið
1. janúar til 31. desember 2012.

Reykjavík, 8. maí 2013

Gunnar Finnsson

Edda Bergmann

Guðrún Pétursdóttir

Ottó Schopka

Þórunn Þórhallsdóttir

ADALFUNDUR 13. MAÍ 2013

SKÝRSLA STJÓRNAR

Samtökin Hollvinir Grensásdeildar voru stofnuð 5. apríl 2006. Tilgangur þeirra er að styðja við, efla og styrkja endurhæfingarstarfsemi þá, sem fram fer á Grensásdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss eða í tengslum við þá starfsemi. Skal það gert með öflun fjár til þeirrar starfsemi og eins með því að vekja athygli á og hvetja til styrktar starfseminnar á opinberum vettvangi.

Aðalfundir hafa verið haldnir árlega, seinast 9. maí 2012. Stjórnin, sem þá var kosin, skipti þannig með sér verkum: Formaður Gunnar Finnsson; varaformaður Guðrún Pétursdóttir; ritari Ottó Scopka; gjaldkeri Þórunn Þórhallsdóttir; og meðstjórnandi Edda Bergmann. Varamenn: Baldvin Jónsson og Guðný Daníelsdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Bergur Jónsson og Ellert Skúlason. Varamenn hafa setið stjórnarfundi og tekið fullan þátt í störfum stjórnarinnar. Þá samþykkti Edda Heiðrún Backman, heiðursfélagi HG, að vera áfram sérlegur ráðgjafi samtakanna, einkum í málum er snerta fjáröflun og kynningu. Stjórnin hefur notið náinnar samvinnu við Stefán Yngvason, yfirlækni, og annað starfsfólk á Grensásdeild.

Helstu atburðir

Eins og áður var lausn á húsnæðisvanda Grensásdeildar áfram aðalverkefni HG á árinu. Fyrsta áfanga þess, stækkun bílastæðisins við aðalinngang Grensásdeildar og yfirbyggingu hluta þess, lauk á árinu og var stæðið formlega tekið í notkun með athöfn 26. september en samkvæmt samningnum við verktakann átti verkinu átti að vera lokið fyrir júl 2011. Kostnaðurinn við gerð stæðisins í tilboði verktaka var áætlaður 68 milljónir krónur. Hann var fjármagnaður þannig að HG greiddi 31,7 m.kr. úr sjóðum *Á rás fyrir* Grensás söfnunarátaksins, og ríkissjóður 30 m.kr., sem er endurgreiddur virðisaukaskattur á söfnunarátakið en við bættist svo 6,3 m.kr. framlag frá velferðarráðuneytinu. Lokakostnaður þegar upp var staðið reyndist 73 milljónir krónur en HG tóku ekki þátt í greiðslu umframkostnaðarins.

En á húsnæðisskorti Grensásdeildar hefur enn ekki verið tekið. Á þeim 40 árum sem liðin eru síðan deildin tók til starfa 1973 hefur einungis þjálfunarlaug verið bætt við en á því tímabili hefur þjóðinni fjölgað um meira en 40% og þeim, sem endurhæfingu þurfa, hefur fjölgað hlutfallslega meira. Þá hafa allar kröfur um aðbúnað sjúklinga gerbreyst, sem kalla á bráðnaudsýnlegar breytingar á húsnæðinu af þremur meginástæðum: Draga úr sýkingarhættu, auka öryggi sjúklinga og starfsfólks og tryggja rétt sjúklinga til einkalífs. Þá er aðstaða til iðju- og sjúkrapþjálfunar ekki boðleg vegna þrengsla en með því að flytja þá starfsemi yfir í nýja álmu skapast svigrúm til breytinga á núverandi húsnæði. Þá mætti ná miklum sparnaði í rekstrarkostnaði LSH með því að greiða fyrir flæði sjúklinga til Grensásdeildar, en legukostnaður þar er miklum mun lægri en á öðrum deildum spítalans. Ekki er gert ráð fyrir að endurhæfingin yrði flutt í nýja Landspítalann sem fyrirhugað er að reisa við Hringbraut heldur yrði hún áfram á Grensásdeild og því enn frekari ástæða til að ráðast í að bæta húsakost deildarinnar sem fyrst.

Árið 2010 fól Álfheiður Ingadóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, LSH að gera tillögur um endurbætur og stækkun á húsnæðiskosti Grensásdeildar. Heildarkostnaður við þær framkvæmdir framreiknaður til verðlags í dag er um 1.100 m. kr. Þá átti ráðneytið að vinna að mögulegri aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun þessara framkvæmda. Það var aldrei gert og nýr ráðherra fylgdi því ekki eftir og aldrei var svarað ítekuðum spurningum um stöðu mála. Það ber að hafa í huga í þessu sambandi að lífeyrissjóðir hafa mikinn hag af endurhæfingu og að hún sé sem skilvirkust vegna þess að endurhæfing og þeim árangri sem hún skilar hefur bein áhrif á upphæð og lengd bótagreiðslna í hverju tilviki. Þar sem um ævilangar greiðslur getur verið að ræða skipta gæði og hraði endurhæfingarinnar miklu máli en endurhæfing kemur fyrst og fremst að gagni ef henni er beitt tímanlega en það gerist ekki nú sakir sífelldra biðlista.

Með bættum og stækkuðum húsakosti er áætlað að fjöldi þeirra sjúklinga sem deildin útskrifar og geta horfið til fullra starfa á ný mundi aukast um 20% á ári. Hollvinir Grensásdeildar, með samþykki forstjóra LSH, hófu því snemma í vetur sem hlutlaus milliliður viðræður við Landssamtök lífeyrissjóða um mögulega aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun framkvæmdanna. Málið mætti velvild og skilningi og nokkrir lífeyrissjóðir lýstu sig reiðubúna til viðræðna um fjármögnun framkvæmdanna. Velferðarráðherra var tilkynnt þ. 6. desember sl. um málið og farið fram á viðræður um mögulega framkvæmd þess. Þeirri beiðni hefur aldrei verið svarað þrátt fyrir skriflega ítrekun. Stjórn HG skilur vel að aðra forgangsröðun getur þurft að hafa en finnst það afar óásættanleg framkoma gagnvart lífeyrissjóðunum og HG að sýna ekki þá lágmarkskurteisi að svara. Ekki síst þegar hér er um að ræða endurhæfingarstarfsemi sem er þjóðinni afar arðbær.

Tækjagjöf

Á árinu veittu HG 4 m. kr. til kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði, sem Grensásdeild hefur skort. Meðal þess sem keypt var voru göngugrindur, raförvunartæki, jafnvægismottur, blöðruskanni, blóðþrýstingsmælir með mettunarmæli, tókuvél með minniskubb, borðtölvur fyrir sjúklinga, iPad, ýmis tæki fyrir iðjuþjálfun, og margt fleira.

Fastar tekjulindir

Basar: Helsta tekjulind samtakanna á árinu var basar, sem haldinn var í safnaðarheimili Grensáskirkju þ. 19. nóvember og skilaði að frádregnum kostnaði 1,163 m.kr.. Fjöldinn allur lagði HG liðveislu til að ná þessum frábæra árangri með því að gera og/eða leggja til fallega muni, fatnað, kökur og annað til sölu á basarum og aðstoða við basarinn sjálfan. Í þeim hópi voru m.a. starfsfólk á Grensásdeild og félagar í biðhólasamtökunum Sniglunum. Þá studdi Grensáskirkja atburðinn með miklum afslætti á leigu.

Félagsgjöld: Innheimt félagsgjöld á árinu voru 320,5 þúsund kónur.

Minningarkort: Afar þýðingarmikil og bein tekjulind HG er sala minningarkorta en hún nam 231 þús. kr. á árinu. Þar standa samtökin í mikilli þakklætisskuld við Önnu Laxdal Þórólfsdóttur, skrifstofustjóra á Grensásdeild, því hún hefur tekið að sér í aukavinnu, að sjá um móttöku og afgreiðslu beiðna um kort.

Styrkir

Caritas á Íslandi: Caritas á Íslandi, hjálpar- og líknarstofnun kaþólsku kirkjunnar, færði HG 650 þús. kr. styrk sem fyrir hafði verið safnað með sérstökum tónleikum sem haldnir voru í Landakotskirkju þ. 25. nóvember sl.. Auk þess gáfu nokkrir einstaklingar, sem ekki vildu láta nafns síns getið, fé til söfnunarinnar. Einstakan árangur tónleikanna má ekki síst þakka örlæti listamannanna er þar komu fram en þau gerðu það öll endurgjaldslaust.

Reykjavíkumaraþon: Öll þau sem hlupu Reykjavíkumaraþonið fyrir HG söfnuðu þar með 480 þús. kr. fyrir samtökin.

Mótorhjólamesan: Um Hvítasunnuhelgina var haldin Mótorhjólamesa í Digraneskirkju undir handleiðslu Séra Gunnars Sigurjónssonar. Af því tilefni bauð Grillhúsið upp á “Easy Rider” hamborgara og eigandinn Þórður Bachmann, ákvað að hluti af söluverði hverjum borgara skyldu renna til Grensásdeildar. Urðu það 30 þús. kr..

Sniglarnir: Auk stuðnings þeirra við basarinn styrktu Sniglarnir HG með 250 þús. kr. í desember. Stuðningurinn sem Sniglarnir hafa reglulega veitt HG er ómetanlegur.

STOÐ - Stoðtækjasmíði gaf HG rafknúinn hjólastól sem var afhentur Grensásdeild.

Danica sjávarafurðir ehf. styrkti HG með 95 þús. kr. framlagi.

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður styrkti HG með 300 þús. kr. framlagi.

Einstaklingar: Til minningar um Jóhann Gunnar Jónsson færði hópur vina hans sem Hörður Heimir Sigurðsson fór fyrir HG 151 þús. kr.. - Auk þeirra sem þegar hefur verið getið bárust samtökunum mörg önnur framlög í formi fjár, muna eða vinnu en oft vildu gefendur ekki láta nafns síns getið.

Fjárhagur

Eins og fram hefur komið er starfsemi tengd *Á rás fyrir Grensás* aðskilin frá annari starfsemi HG og gilda sérstakar reglur um hvernig ráðstafa megi söfnunarfénu. T.d. skal fé eingöngu veitt til framkvæmda er styðja við og/eða efla endurhæfingastarfsemi Grensásdeildar, og bættan aðbúnaði sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks þar; fé skal einungis varið til nýbygginga eða viðbóta við húsnæði Grensásdeildar og að því loknu, eða fyrir ef kringumstæður réttlæta, til kaupa á háþrúðum tækjum og útbúnaði til endurhæfingar; fé skal ekki varið til reksturs Grensásdeildar; og við val og forgangsroðun einstakra framkvæmda skal leitað álits stjórnenda Grensásdeildar.

Innistæður á reikningum *Á rás fyrir Grensás* eru helstu eignir samtakanna. Í árslok 2012 námu þær samtals 84,455 m. kr.. Til að draga úr áhættu hefur ávöxtun söfnunarfrjáris verið dreift milli Arion banka, Íslandsbanka og Sparisjóðs Suður Þingeyinga. Um skammtíma ávöxtun er að ræða og mjög íhaldssamri stefnu fylgt þar sem megin áherslan er á ríkistryggt skuldabréf og víxla og bankareikninga með stuttan bindistíma.

Skuldlausar eignir HG sjálfra voru sl. áramót 4,568 m.kr.. Heildareignir samtakanna, sem svo til eingöngu voru bundnar í innistæðum hjá fjármálastofnunum voru 88,335 m. kr. í lok ársins Stjórnin vill í sambandi við ársreikningana sérstaklega geta þeirrar rausnar skoðunarmannanna Valdimars Guðnasonar og Valdimars Ólafssonar að endurskoða aftur endurgjaldslaust reikninga samtakanna og jafnframt þakka PWC fyrir fjölrítun þeirra.

Félagatal og árgjald

Félögum í HG fjölgaði um rúmlega 8% á árinu eru nú 271. Árgjaldið, sem hafði verið 1.000-krónur frá stofnun samtakanna 2006 voru hækkuð fyrir tveimur árum í 1500 krónur. Þrátt fyrir ört rýrnandi kaupmátt krónunnar leggur stjórnin til að árgjaldið haldist óbreytt.

Tengsl

Vefsíða HG, www.grensas.is var sett upp 2009. Viðbrögð hafa verið góð og er stöðugt unnið að því að gera vefsíðuna að enn meira lifandi gagni. Náið samstarf var áfram á árinu milli HG og samtakanna Heilaheilla, og eins er samstarf við samtökin Sjálfsbjörg, en fyrir öll þessi samtök skiptir starfsemi Grensásdeildar miklu máli.

Starfsáætlun komandi árs

Lög samtakanna mæla svo fyrir að aðalfundur samþykki starfsáætlun komandi árs. Stjórnin leggur til að HG leggi megináherslu á stuðning við aðgerðir sem lúta að fjármögnun byggingarframkvæmda til að leysa alvarlegan húsnæðisvanda Grensásdeildar. Þá verði áhersla áfram lögð á að verja Grensásdeild við frekari niðurskurði og aðstoð veitt til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað.

Lokaorð

Stjórnin þakkar af alhug öllum þeim, sem stutt hafa starf HG á árinu en þessi stuðningur er samtökunum ómetanleg hvatning. Þá skal enn og aftur benda á að mikilvægi Grensásdeildar byggist á þeim mannaði sem þar er og lyft hefur Grettistaki við afar erfiðar aðstæður. Stjórn HG vottar þessu einstaka fólki virðingu og þakklæti.